

Lyfjagreiðslunefnd

FUNDARGERÐ 330. fundar aukafundur

Dagsetning og staður: 23. nóvember 2020 kl. 16:00-16:45 - Fjarfundur á SKYPE

Fundinn sátu:

Nefndarmenn:

Eva Ágústsdóttir, formaður

Eva Björk Valdimarsdóttir

Kristinn H. Jónasson vék af fundi kl 16:30

Jóhann M. Lenharðsson

Katrín E. Hjörleifsdóttir boðaði forföll og sat varamaður hennar Guðrún B. Elíasdóttir fundinn.

Starfsmenn nefndarinnar:

Sveinbjörn Högnason

Guðrún Oddsdóttir (ritari)

1.	Dagskrá fundarins
Niðurstaða:	Dagskrá fundarins var samþykkt. Um að ræða fjarfund á SKYPE. Allir fundarmenn eru samþykkir þessu fyrirkomulagi og að fundarmenn geti greitt atkvæði á fundinum.
2.	Vanhæfi
Niðurstaða:	Nefndarmenn lýstu því yfir að þeir teldu sig ekki vanhæfa við afgreiðslu einstakra erinda á fundinum.
3.	Önnur mál
3.1	Af - S - merking lyfja frá 1. janúar 2021 – frh frá 329. fundi
Efni:	Með vísan til 1. gr. reglugerðar nr. 353/2013, sbr. (2.) breytingarreglugerð nr. 1253/2018, um lyfjagreiðslunefnd ber lyfjagreiðslunefnd að ákveða hvaða lyf skuli vera S-merkt í lyfjaskrá. Við gildistöku lyfjalaga nr. 100/2020 þann 1. janúar 2021 verður breyting á lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, sbr. 112. gr. lyfjalaga nr. 100/2020, þ.e. orðin „S-merkt og“ í 1. mgr. 25. gr. laga um sjúkratryggingar falla brott. Þann 1. janúar nk. mun ákvæðið verða svohljóðandi: <i>Sjúkratrygging tekur til nauðsynlegra lyfja sem hafa markaðsleyfi hér á landi, hefur verið ávísað til notkunar utan heilbrigðisstofnana, þ.m.t. leyfissskyld lyf, og ákvæðið hefur verið að sjúkratryggingar taki þátt í að greiða, sbr. lyfjalög.</i>

Niðurstaða:	<p>Lyfjagreiðslunefnd tók ákvörðun á fundinum um nýjar greiðslumerkingar S-merktra lyfja frá og með 1. janúar 2021. Niðurstöður lyfjagreiðslunefndar voru að markaðssett S-merkt lyf munu ýmist verða almenn lyf með eða án almennrar eða einstaklingsbundinnar greiðsluþátttöku eða verða leyfisskyld. Að því varðar undanþágulyf verða sum þeirra gerð leyfisskyld, en þau sem hljóta ekki leyfisskyldu verða án almennrar greiðsluþátttöku.</p> <p>Farið var yfir nýjasta kostnaðarmat frá LSH um af-S-merkingu lyfja – þar sem tekið var tillit til breytinga lyfjagreiðslunefndar á 329. fundi þann 20. nóvember. Eftir þær breytingar er áætlaður kostnaðarauki við það að afnema S-merkingu lyfja um 142 milljónir.</p>
3.2	Bréf til markaðsleyfishafa og umboðsaðila
Efni	Farið var yfir bréf sem fyrirhugað er að senda markaðsleyfishöfum og umboðsaðilum þeirra lyfja sem verða af-S-merkt frá og með 1. janúar 2021.
Niðurstaða:	<p>Bréfið samþykkt á fundinum.</p> <p>Markaðsleyfishöfum/umboðsmönnum verður sent bréfið ásamt fylgiskjali þar sem breytingar er verða á greiðsluþátttöku þeirra lyfja sem þeir eru í forsvari fyrir eru kynntar og þeim gefinn frestur til 4. desember til að koma með athugasemdir við ákvörðun nefndarinnar.</p>

Fundi lokið kl. 16:45